



Kostnaðaráætlanir framkvæmdaverkefna

Vegagerðin
Nóvember 2024

Leiðbeiningar

Lykilsíða

Heiti rits	Gerð rits
Kostnaðaráætlanir framkvæmdaverkefna	Leiðbeiningar

Númer / Útgáfa / ISBN	Fjöldi síðna	Útgáfudagur
LEI-3001 / 1 / 978-9935-460-53-0	16	Nóv. 2024

Höfundur/ar
Jóhann Ingi Jóhannsson
Margrét Silja Þorkelsdóttir

Útgáfa	Rýnt af	Samþykkt af	Útgáfudagur
1	Margrét Silja Þorkelsdóttir	AÓA	05.11.2024


Útgáfunr.	Breytingar
1	Nýtt rit

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
1 Almennt.....	4
2 Heildarkostnaðaráætlun	5
2.1 Undirþættir heildarkostnaðaráætlunar	6
3 Hlutverk og aðferðafræði kostnaðaráætlunarteymis	7
4 Skilgreining, hönnunarstig og breytingar.....	9
4.1 Skilgreining og hönnunarstig.....	9
4.2 Breytingar.....	10
5 Ófyrirséður kostnaður	11
5.1 Almennar kröfur	11
5.2 Útreiknaður ófyrirséður kostnaður.....	12
6 Vikmörk áætlunar	13
6.1 Almennar kröfur	13
6.2 Útreiknuð vikmörk	13
7 Verðbætur	14
7.1 Hönnun og undirbúningur.....	14
7.2 Fyrir útboð verkframkvæmdar þar sem verk eru verðbætt	14
8 Rýni, samþykkt og vistun kostnaðaráætlana.....	15
8.1 Rýni	15
8.2 Samþykkt.....	15
8.3 Vistun	15

1 Almennt

Leiðbeiningarnar lýsa samræmdri aðferðarfræði við kostnaðarmat framkvæmda Vegagerðarinnar (annarra en hafnarframkvæmda), frá skilgreiningu framkvæmdar að fullhönnuðu mannvirki. Markmið leiðbeininganna er að samræma, auka áreiðanleika og gæði kostnaðaráætlana á öllum stigum hönnunar og undirbúnings verkframkvæmda.



Mynd 1 Skilgreining og hönnunarstig framkvæmdaverkefna hjá Vegagerðinni

Öll framkvæmdaverk Vegagerðarinnar skulu kostnaðarmetin, að lágmarki við skilgreiningu og á hverju hönnunarstigi. Leiðbeiningar þessar eru dýpkun á verklagsreglu *VER-0175 Kostnaðaráætlanir framkvæmda* og eru nátengdar sniðmáti Vegagerðarinnar fyrir forsendur kostnaðaráætlana (SNI-3001) sem skal fylgja með hverri kostnaðaráætlun. Í sniðmáti má sjá nánari leiðbeiningar um einstaka þætti kostnaðaráætlunargerðar og hvernig gerð er grein fyrir forsendum hennar.

Í leiðbeiningum þessum er talað um heildarkostnaðaráætlanir og kostnaðaráætlanir. Með heildarkostnaðaráætlun er átt við samansafn af mörgum þáttum kostnaðaráætlana sem byggja upp heildarkostnaðaráætlun, s.s. stjórnunarkostnaður, hönnunarkostnaður og rannsóknir, verktakakostnaðar til útboðs, annar verktakakostnaðar, kostnaður við eftirlit og bætur.

2 Heildarkostnaðaráætlun

Gerð skal heildarkostnaðaráætlun fyrir öll framkvæmdaverkefni Vegagerðarinnar. Heildarkostnaðaráætlun skal niðurbrotin með eftirfarandi yfirlíðum, til samræmis við bókhaldskerfi stofnunarinnar:

↓ **Tafla 1**
Niðurbrot heildarkostnaðaráætlana

Nr.verkhl.	Heiti verkhluta	Lýsing
05	Stjórnun	Stjórnun verkefnis
10	Hönnun	Frumdrög, for- og verkhönnun ásamt MÁU eða gerð kynningargagna og rannsókna.
20	Umsjón	Umsjón og eftirlit með verkframkvæmdum.
30	Framkvæmd	Verktakakostnaður útboðs/samnings, viðbótar- og aukaverk (auk verðbóta fyrir útboð). Aðrir verktakar ef við á, t.d. vegrið, yfirborðsmálun. Auk þess innri kostnaður s.s. uppsetning á stikum, skiltum o.fl..
40	Efni	Efniskostnaður sem verkkaupi leggur til
50	Bætur	Bætur vegna efnistöku og lands, vinna við landbætur og kærur.

Heildarkostnaðaráætlun skal uppfærð að minnsta kosti á hverju hönnunarstigi.

Gera skal grein fyrir uppsöfnuðum kostnaði á verkefnið, brotið niður á yfirlíði.

Hlutar heildarkostnaðaráætlunar geta verið unnir af mismunandi aðilum, innanhúss eða hjá ráðgjöfum. Sá hópur sem kemur að kostnaðaráætlunargerð verkefnis er hér eftir nefnt kostnaðaráætlunarteymi.

2.1 Undirþættir heildarkostnaðaráætlunar

Álag Vegagerðarinnar skal lagt á heildarkostnaðaráætlun allra verka sem eru fjármagnaðar af samgönguáætlun. Álagið er endurskoðað árlega. Við útgáfu þessa er álag Vegagerðarinnar 5,2%. Álag getur verið ákvarðað sérstaklega í verkefnum >10 ma.kr. og verkefnum sem eru fjármögnuð af Samgöngusáttmála

Kostnaður vegna stjórnunar, hönnunar og undirbúnings, umsjónar og eftirlits (SHU) skal skilgreindur sérstaklega í verkhluta 05 Stjórnun, 10 Hönnun og 20 Umsjón. Kostnaðurinn skal annað hvort settur sem hlutfall af framkvæmdakostnaði eða sem áætlun á kostnaði í hverju verki. Horfa þarf sérstaklega til stærðar- og gerðar verkefna við ákvörðun á þessu hlutfalli. Sé ekki annað ákveðið skal miðað við hlutföll í töflu 2:

↓ Tafla 2
Dæmigert hlutfall stjórnunar, hönnunar og umsjónar af framkvæmdakostnaði

Nr.verkhl.	Heiti verkhluta	Dæmigert hlutfall kostnaðar af heild
05	Stjórnun	1%
10	Hönnun	Hönnun 5%, MÁU 2%
20	Umsjón	Umsjón 3%, eftirlit 2%
Samtals		10-13% (við bætist álag Vegagerðarinnar)

Kostnaðaráætlun 30 Verkframkvæmd skal ná til verktakakostnaðar til útboðs (þar með talið efni sem verktaki kann að útvega) auk annars verktakakostnaðar og vinnu þjónustustöðva við verkframkvæmdina.

Í verkhluta 40 Efni skal gera sérstaklega grein fyrir áætluðum kostnaði vegna efnis, veg- og tækjabúnaðar sem Vegagerðin eða aðrir verkkaupar leggja til og er hluti framkvæmdarinnar.

Undir verkhluta 50 Bætur skal gera sérstaklega grein fyrir áætluðum kostnaði vegna eignaskerðinga s.s. landakaupa, efniskaupa og/eða annarra nauðsynlegra kaupa á fasteignum vegna framkvæmdarinnar, bóta vegna ræktunar og ónæðis sem hlýst af framkvæmdinni.

3 Hlutverk og aðferðafræði kostnaðaráætlunarteymis

Verkefnisstjóri ber ábyrgð á heildarkostnaðaráætlun fyrir tiltekið verkefni. Í töflu 3 á næstu síðu má sjá ábyrgðaraðila og grófa aðferðafræði hvers hluta af heildaráætlun. Nánar er farið í aðferðafræði í sniðmáti fyrir forsendur kostnaðaráætlunar.

Allar áætlanir *30 Framkvæmd* skulu unnar í FK-Kerfi Vegagerðarinnar sem byggir á verkþáttaskrá Vegagerðarinnar. Sjá nánar leiðbeiningar *LEI-3101 Framkvæmdakerfi Vegagerðarinnar (FK)*.

Óheimilt er að úthluta ábyrgð á mati á kostnaði undirliða heildaráætlunar, út fyrir Vegagerðina. Ráðgjafar koma þó að vinnu kostnaðaráætlana eins og þörf er á.

Áætlun á fyrri stigum hönnunar og undirbúnings byggir oft á reynslutölum úr eldri verkum. Í þeim tilfellum skal varast að tvítaka álag Vegagerðar í áætlun.

↓ Tafla 3 Aðferðarfræði og ábyrgð hluta kostnaðaráætlana

	A	B	C	D	E
Yfirþáttur / Stig	Skilgreining	Frumdrög	Forhönnun	Verkhönnun	Framkvæmd
05 Stjórnun	Aðferðarfræði: Byggt á eldri verkum eða hlutfallaviðmiðum Ábyrgð: Verkefnastjóri		Aðferðarfræði: Byggt á uppsöfnuðum kostnaði og eldri verkum eða hlutfallaviðmiðum Ábyrgð: Verkefnastjóri		
10 Hönnun	Aðferðarfræði: Byggt á hlutfallaviðmiði Ábyrgð: Verkefnastjóri		Aðferðarfræði: Byggt á uppsöfnuðum kostnaði og eldri verkum, samningi við ráðgjafa eða hlutfallaviðmiði Ábyrgð: Hönnunarstjóri		Aðferðarfræði: Skv. uppsöfnuðum hönnunarkostnaði ásamt áætlun í þjónustu á verktimea byggt á eldri verkum. Ábyrgð: Hönnunarstjóri
20 Umsjón	Aðferðarfræði: Byggt á hlutfallaviðmiði Ábyrgð: Verkefnastjóri		Aðferðarfræði: Byggt á eldri verkum eða hlutfallaviðmiði Ábyrgð: Verkefnastjóri	Aðferðarfræði: Byggt á eldri verkum og samningi við eftirlit ef við á Ábyrgð: Umsjónarmaður	
30 Framkvæmd	Aðferðarfræði: Huglægt mat eða reynslutölur, t.d. byggt á eldri verkum. Ábyrgð: Verkefnastjóri	Aðferðarfræði: Áætlun í FK-kerfi byggð á magnþölum úr frumdrögum auk reynslutalna úr eldri verkum. Ábyrgð: Verkefnastjóri	Aðferðarfræði: Áætlun í FK-kerfi byggð á magnþölum úr forhönnun. Heildarkostnaður eða verkhlutaar bornir saman við eldri sambærileg verk. Ábyrgð: Hönnunarstjóri	Aðferðarfræði: Áætlun í FK-kerfi byggð á magnþölum úr verkhönnun. Heildarkostnaður eða verkhlutar bornir saman við eldri sambærileg verk. Ábyrgð: Hönnunarstjóri og umsjónarmaður	Aðferðarfræði: Áætlun í FK-kerfi byggð á magnþölum úr verkhönnun auk verðbóta (ef við á). Áætlun uppfærð m.v. tilboð verktaka og síðar framvindu verkefnis. Ábyrgð: Umsjónarmaður
40 Efni	Aðferðarfræði: Byggt á eldri verkum Ábyrgð: Verkefnastjóri	Aðferðarfræði: Byggt á eldri verkum Ábyrgð: Verkefnastjóri í samráði við Rekstrardeild og Þjónustusvið (v. búnaðar)	Aðferðarfræði: Byggt á magnþölum forhönnunar og drögum að aðfangaaætlun Ábyrgð: Hönnunarstjóri í samráði við Rekstrardeild og Þjónustusvið (v. búnaðar)	Aðferðarfræði: Byggt á aðfangaaætlun fyrir verkið. Ábyrgð: Hönnunarstjóri og umsjónarmaður í samráði við Rekstrardeild og Þjónustusvið (v. búnaðar)	Aðferðarfræði: Fylgst með framvindu efniskostnaðar. Lagt mat á kostnað vegna verðbóta, tafa/ breytinga á efnisbyrgjum. Ábyrgð: Umsjónarmaður í samráði við Rekstrardeild
50 Bætur	Aðferðarfræði: Byggt á eldri verkum og viðmiðum lögfræðideildar Ábyrgð: Verkefnastjóri	Aðferðarfræði: Byggt á eldri verkum og viðmiðum lögfræðideildar Ábyrgð: Verkefnastjóri í samráði við Lögfræðideild	Aðferðarfræði: Byggt á eldri verkum og viðmiðum Lögfræðideildar eða drögum að samningum við landeigendur Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samráði við ábyrgðaraðili samninga við landeigendur skv. verkefnishandbók og Lögfræðideild		Aðferðarfræði: Skv. samningum við landeigendur. Auk þess lagt mat á umfang kostnaðar við kærumál Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samráði við ábyrgðaraðila samninga við landeigendur skv. verkefnishandbók og Lögfræðideild

4 Skilgreining, hönnunarstig og breytingar

4.1 Skilgreining og hönnunarstig

Þroski verkefnis eykst frá skilgreiningu og eftir hönnunarstigum, samhliða vex nákvæmni kostnaðaráætlana. Út frá skilgreiningu og hönnunarstigum hefur umfang ófyrirséðs kostnaðar og óvissubíl í kostnaðaráætlun verið skilgreint til þess að ná yfir óvissu og ófyrirsjáanleika áætlunarinnar.

↓ **Tafla 4**
Hönnunarstig, ófyrirséður kostnaður sem hlutfall af heildarkostnaðaráætlun og dæmigerð vikmörk áætlunar

Stig	Aðferðarfræði	Ófyrirséð	Vikmörk
Skilgreining	Huglægt mat eða reynslutölur (kr/m eða km)	40%	-30 / +85%
Frumdrög	Helstu stærðir og magntölur metnar út frá frumhönnun	30%	-15 / +40%
Forhönnun	Mannvirki mótað og helsti búnaður ákveðinn. Drög að magntölum liggja fyrir.	20%	-10 / +25%
Verkhönnun	Fullskilgreint og fullhannað mannvirki. Nákvæm magntöluskrá liggur fyrir.	15%	-5 / +15%
Að loknu útboði verkframkvæmdar	Tilboð bjóðanda liggur fyrir, nákvæm magntöluskrá og verksamningur	10%	-5 / +10%

Fjallað er frekar um ófyrirséðan kostnað í kafla 5 og vikmörk áætlana í kafla 6.

Í samantekt um forsendur kostnaðaráætlunar (SNI-3001) er hönnunarstig tilgreint og þess getið hvað hefur breyst frá fyrri áætlunum.

Mikilvægt er fyrir kostnaðaráætlanir hvers hönnunarstigs að allar upplýsingar sem krafist er á hverju hönnunarstigi liggja fyrir. Ef ekki, þá er mikilvægt að varpa ljósi á þau atriði sem vantar. Þá hefur það áhrif á ófyrirséðan kostnað og vikmörk í áætlunum sem höfundur áætlunar ber að gera grein fyrir.

Gátlisti, GAT-3301, fyrir hönnun samgöngumannvirkja skal fylgja með sem viðhengi forsenduskýrslu kostnaðaráætlunar útfylltur af hönnuði/hönnunarstjóra. Ef einhver atriði vantar á listann er það ábyrgð höfundar áætlunar að meta sérstaka áhættu á

kostnaðaraukningu ef að tiltekin gögn og/eða upplýsing liggja ekki fyrir á viðkomandi hönnunarstigi.

4.2 Breytingar

Í ákvarðanatöku um valkosti, hönnunarútfærslur o.fl. skal ávalt hafa fjárheimild verkefnis til hliðsjónar í gildandi samgönguáætlun. Verkefnisstjóri ber ábyrgð á að verkefni fari ekki fram úr settri fjárheimild.

Komi fram ástæður á hönnunar- eða undirbúningstímabili að breyta umfangi verkefnis skal slíkt borið undir eiganda verkefnis áður en breyting á umfangi er innleidd. Nýja fjárheimild þarf þá fyrir breyttu umfangi verkefnis.

Að sama skapi, ef stefnir í að verkefni fari fram úr fjárheimild skal tilkynna það til eiganda verksins um leið og það liggur fyrir og sækja viðbótarfjármagn í verkið eða breyta hönnun verksins ef það er ekki mögulegt.

5 Ófyrirséður kostnaður

Áætlun um ófyrirséðan kostnað nær eingöngu til skilgreinds umfangs verkefnis. Verði breyting á umfangi verkefnis, skal áætla kostnað fyrir nýtt verkefni skv. öllum stigum hönnunar.

5.1 Almennar kröfur

Í sniðmáti fyrir forsendur kostnaðaráætlana segir:

Ófyrirséður kostnaður nær yfir óvissu og breytileika sem tengist kostnaðaráætlunum og kostnaðarþáttum innan skilgreinds umfangs verkefnis. Ófyrirséður kostnaður nær yfir ófullnægjandi aðferðafræði við kostnaðaráætlun og ófullnægjandi gögn. Ófyrirséður kostnaður tekur sérstaklega ekki til greina breytingar á umfangi verkefnis og stórum atburðum sem ekki er séð fyrir, svo sem jarðskjálftum, langvarandi verkfall o.s.frv.

Gera skal grein fyrir upphæð ófyrirséðs kostnaðar í áætluninni ásamt þeim aðferðum sem notaðar eru til að ákvarða upphæð ófyrirséðs kostnaðar. Ef áhættugreining var notuð til að skilgreina ófyrirséðan kostnað, þá ætti að gera ráð fyrir þeirri vissu (e. confidence) í tölunni sem er notuð.

Ef allar upplýsingar liggja fyrir, skv. kröfum um viðkomandi hönnunarstig skal miða við ófyrirséðan kostnað skv. töflu 5 (einnig í töflu 4 í kafla 4).

↓ Tafla 5

Hlutfall ófyrirséðs kostnaðar eftir stigum

Stig	Ófyrirséð
Skilgreining	40%
Frumdrög	30%
Forhönnun	20%
Verkhönnun	15%
Að loknu útboði verkframkvæmdar	10%

Ef ekki ekki er búið að merkja öll atriði á gátlista hönnunarstigs (GAT-3301) skal höfundur sérstaklega leggja mat á ófyrirséðan kostnað, til hækkunar við það sem tekið er fram í töflu 4.

5.2 Útreiknaður ófyrirséður kostnaður

Í þeim verkefnum þar sem talin er þörf á að meta ófyrirséðan kostnað með líkindadreifing þá skal matið unnið af greiningaraðila með reynslu af slíkri vinnu.

Leikindadreifing skal unnin þannig að áætlunarteymi metur hágildi og lágildi fyrir bæði magn og einingaverð verkpátta eða verkhluta, eftir umfangi verks. Einnig er metin líkindadreifing magns og einingaverða verkpátta eða verkhluta. Þar eftir er framkvæmd Monte Carlo greining til þess að gefa upp P50 gildi, það gildi þar sem jafnar líkur eru á að verkefnið verði undir eða yfir kostnaðaráætlun.

Ófyrirséður kostnaður skal næst reiknaður og gefinn upp bæði í krónum og sem hutfall af álagi ofan á grunnáætlun.

Ófyrirséður kostnaður_{P50} = P50 kostnaðaráætlun – FK kostnaðaráætlun

Einnig skal reikna út P85 gildi áætlunar. Þ.e. það gildi þar sem 85% líkur eru á að kostnaður verði undir áætlun og 15% líkur eru á að kostnaður verði yfir áætlun. Þá skal eins reikna ófyrirséðan kostnað fyrir P85 gildi til upplýsinga. P85 tölur eru þá aðeins settar fram til upplýsinga og ættu ekki að vera notar til viðmiðunar við opnun útboða.

Ófyrirséður kostnaður_{P85} = P85 kostnaðaráætlun – FK kostnaðaráætlun

6 Vikmörk áætlunar

6.1 Almennar kröfur

Vikmörk (óvissubíl, e. accuracy range) áætlunar er spá um nánd áætlunar við endanlegan raunkostnað. Jafnan útlistað sem efri/neðri hundraðshlutar sem raunniðurstaðan mun verða yfir og undir áætluninni ásamt vikbilinu (e. confidence interval) sem þeir hundraðshlutar standa fyrir.

Vikmörk eru gefin upp sem fastar prósentur af heildarkostnaðaráætlun, með ófyrirséðum kostnaði, eftir hönnunarstigum skv. töflu 6 (einnig í töflu 4 í kafla 4).

↓ Tafla 6

Dæmigerð vikmörk óvissu

Stig	Vikmörk
Skilgreining	-30 / +85%
Frumdrög	-15 / +40%
Forhönnun	-10 / +25%
Verkhönnun	-5 / +15%
Að loknu útboði verkframkvæmdar	-5 / +10%

Líkt og fyrir ófyrirséðan kostnað þá skal höfundur áætlunar leggja mat á vikmörk, til hækkunar, ef að öll atriði eru ekki frágengin á hönnunarstigi skv. GAT-3301, þegar áætlun er gefin út.

6.2 Útreiknuð vikmörk

Vísað er í kafla 5.2 *Útreiknaður ófyrirséður kostnaður*. Þar sem ófyrirséður kostnaður er reiknaður út og Monte Carlo greining liggur fyrir skulu vikmörk (e. accuracy range) reiknuð út miðað við vikbilið (e. confidence interval) 80% og fást út úr Monte Carlo greiningu.

Ef áætlun byggir á vissustigi skv. áhættumati magns og einingarverða er gerð líkindadreifing fyrir væntan kostnað í stað þess að styðjast við dæmigerð vikmörk óvissu skv. töflu 6.

7 Verðbætur

7.1 Hönnun og undirbúningur

Kostnaðaráætlanir verkframkvæmda á hönnunar- og undirbúningsstigi skulu framreiknaðar frá útgáfudegi til dagsetningar endurskoðunar m.v. vísitölu Vegagerðar í FK-kerfi. Verðbætur eru áætlaðar fram í tímann fyrir fyrstu þrjú ár samgönguáætlunar skv. kafla 7.2.

Samningar um ráðgjöf og hönnun sem vara lengur en 1 ár hjá Vegagerðinni skulu verðbættir m.v. launavísitölu.

7.2 Fyrir útboð verkframkvæmdar þar sem verk eru verðbætt

Verkframkvæmdasamningar hjá Vegagerðinni skulu verðbættir ef þeir vara lengur en 1 ár. Þá skulu þeir verðbættir m.v. byggingavísitölu.

Í heildarkostnaðaráætlun skal ekki gert ráð fyrir verðbótum.

Við uppfærslu samgönguáætlunar áætla Þróunarsvið verðbætur fyrir verkefni á fyrstu þremur árum áætlunar og verðbætur fjárveitingu m.v. kostnaðaráætlun. Verðbætur fyrstu þriggja ára samgönguáætlunar miðast við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands og er gert ráð fyrir að byggingavísitala þróist í takt við vísitölu neysluverðs.

Fjárveiting á fyrstu þremur árum samgönguáætlunar á því að dekkja áætlaðan kostnað hvers árs með verðbótum. Fjárveiting síðari ára á samgönguáætlun skal dekkja áætlaðan kostnað framkvæmdar þess árs án verðbóta.

Fyrir útboð verkframkvæmdar skal verkefnisstjóri áætla verðbætur framkvæmdasamnings sérstaklega og skulu þær rúmast innan fjárveitingar fyrstu þriggja ára samgönguáætlunar. Sú áætlun kallast verðbótaáætlun og er ekki hluti af heildarkostnaðaráætlun.

8 Rýni, samþykkt og vistun kostnaðaráætlana

8.1 Rýni

Kostnaðaráætlanateymi skal gera innri rýni á kostnaðaráætlun áður en óháð rýni fer fram á öllum hönnunarstigum. Háð eðli verkefna skulu afmarkaðir þættir áætlunar eftir þörfum rýndir af sérhæfðum aðilum mismunandi fagsviða.

Óháð rýni skal staðfest á lykilsíðu skýrslu með forsendum kostnaðaráætlunar.

Við rýni skal ávallt beita a.m.k. neðangreindum aðferðum auk ítarlegrar rýni á einingarverðum og magntölum:

- Gera samanburð við heildarkostnað verkefna af sambærilegu eðli og stærð
- Umreikna magn m.v. þversnið og lengd mannvirkja
- Tryggja að allir undirþættir áætlunar skv. sundurliðun 05 -50 séu með taldir í áætluninni
- Bera hlutfall áætlana 05, 10 og 20 saman við viðmiðunarhlutföll í kafla 2.1

8.2 Samþykkt

Kostnaðaráætlun skal samþykkt formlega af verkeiganda við lok hvers hönnunarstigs og kynnt á hliðsfundi framkvæmdar.

8.3 Vistun

Fjárheimild, heildarkostnaðaráætlun, kostnaðaráætlanir og forsenduskýrsla kostnaðaráætlunar hvers verkefnis skulu vistuð miðlægt og vera aðgengileg eftirfarandi aðilum í verkefni að lágmarki.

Forstjóra Vegagerðarinnar
Forstöðumanns lögfræði
Sviðstjóra Mannvirkjasviðs
Sviðsstjóra Fjármálasviðs
Sviðsstjóra Þróunarsviðs
Forstöðumanni hönnunar
Forstöðumanni framkvæmda
Forstöðumanni áætlana
Forstöðumanni reksturs

Forstöðumanni fjármála

Svæðisstjóra viðkomandi svæðis

Deildarstjóra tæknideildar viðkomandi svæðis

Deildarstjóra umsjónardeildar viðkomandi svæðis

Verkefniseiganda

Verkefnisstjóra

Hönnunarstjóra

Umsjónarmanni

Samráðsaðilar frá skrifstofu forstjóra, lögfræði og rekstri skulu þá einnig hafa aðgang.